

FÖRGUN AFFALLSVÖKVA FRÁ SVARTSENGI OG BLÁA LÓNINU, GRINDAVÍKURBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að byggingu dælu-, ferskvatnsblöndunar- og síustöðvar, niðurgráfin lögn meðfram Blaalónsvegi, gerð 1200 m² borteigs og borun tveggja niðurdælingarhola, til förgunar affallsvökva frá Svartsengi og Bláa lóninu, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 og breyting á deiliskipulagi Svartsengis og Bláa lónsins. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að HS Orka hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. ágúst 2011.

INNGANGUR

Þann 6. júní 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf ehf. fyrir hönd HS Orku hf. um fyrirhugaða förgun affallsvökva frá Svartsengi og Bláa lóninu, Grindavíkurbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 22. júní 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 6. júlí 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. júní 2011 og Vegagerðinni með bréfi dags. 15. júní 2011. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf með bréfum dags. 29. júní og 11. júlí 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að HS Orka hf., í samstarfi við Bláa lónið hf., áformi að leggja þrýstilögn frá Bláa lóninu að sprungurein sem liggur skammt vestan lastæða baðstaðarins. Áformað sé að dæla affallsvökva úr lóninu niður í tvær 100-200 m djúpar stefnuboraðar borholur sem verði fóðraðar niður fyrir ferskvatnslinsuna sem ná niður á um 60 m dýpi. Um sé að ræða lausn á förgun affallsvökva frá lóninu en núverandi leið við förgun í grunnar borholur hafi ekki gengið sem skyldi því svifagnir sem myndast í vökvanum stífla gljúp jarðlög holanna. Framkvæmdin feli í sér byggingu dælu-, ferskvatnsblöndunar- og síustöðvar, niðurgrafna lögn meðfram Bláalónsvegi, gerð 1200 m² borteigs og borun tveggja niðurdælingarhola.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að Vegagerðin hafi heimilað, með skilyrðum, að lögn frá dælustöð að borholum verði lögð í vegöxl Bláalónsvegar. Vegurinn sé sérstaklega hannaður með það fyrir augum að falla vel að landinu og raski vegna hans hafi verið haldið í lágmarki.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé að hluta innan svæðis á Náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg (Náttúruverndarráð, 1996) og í hrauni, Illahrauni, sem sé víða úfið og mosagróið. Hraunið njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og skuli forðast rask þess eins og kostur sé.

Áhrif á landslag. Fram kemur að dælustöðin, um 50 m² og 2,5 m á hæð, verði staðsett nálægt aðkomu að Bláa lóninu og sýnleg frá Bláalónsveginum. Borteigurinn verði einnig sýnilegur frá Bláalónsvegi. Leitast verði við að fella borteiginn sem mest að svæðinu umhverfis með því að nýta yfirborðsefni af staðnum til frágangs, bæði mosa og hraun. Frágangur við borholur verði með þeim hætti að endanlegir holutoppar verði í brunnum og yfirborð plansins sem næst slétt.

Áhrif á gróður. Fram kemur að borplanið verði á mosagrónu helluhrauni og fylgi því rask á um 1200 m². Vegna byggingar dælustöðvarinnar megi reikna með að allt að 200 m² af mosagrónu hrauni verði raskað.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að samkvæmt Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2000-2020 sé dælustöðin innan skilgreinds þjónustusvæðis en borteigurinn innan óbyggðs svæðis. Fram kemur að unnið sé að breytingu á aðalskipulaginu þar sem afmarkað verði iðnaðarsvæði fyrir borteiginn og mörkuð lagnaleið með Bláalónsvegi. Fram kemur að á svæðinu sé í gildi deiliskipulag fyrir annars vegar Svartsengi og hins vegar Bláa lónið. Unnið sé að breytingum á deiliskipulagi beggja svæðanna þar sem afmarkaður verði byggingareitur fyrir dælustöð, lagnaleið meðfram Bláalónsvegi og lega borsvæðis.

Tilgangur. Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að uppfylla skilyrði starfsleyfis orkuversins í Svartsengi sem kveði á um að yfirborð lónsins megi hvorki stækka né minnka og vökvaborð þess megi hvorki hækka né lækka, en einnig að skapa langvarandi örugg rekstarkilyrði Bláa lónsins og orkuversins. Jarðhitavökvinn sem fari í lónið sé yfirmettaður af steinefnum, einkum kísil (SiO_2), sem falli úr vökvannum sem finn drafli eða eðja. Kísillinn þétti lónbotninn með tímanum, náttúrulegt niðurrennsli stöðvist og stærð lónsins hafi því aukist ár frá ári.

Það sé mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umfang sé lítið, mikil áhersla lögð á að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og aðkomu Bláa lónsins verði sem minnst og að rask á eldhrauni verði eins lítið og kostur sé. Framkvæmdin sé á svæði sem hafi verið og verði í þróun með tilheyrandi uppbyggingu og mannvirkjagerð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Grindavíkurbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar að ekki sé tilefni til þess að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Grindavíkurbær telur að lýsing framkvæmdar sé nægileg og gerð fullnægjandi grein fyrir umhverfi og umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Haft hafi verið samráð við fulltrúar Grindavíkurbæjar við útfærslu þessarar lausnar og undirbúin sé breyting á Aðlaskipulagi Grindavíkur 2000-2020.

Áhrif á grunnvatn. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja spyr hvort hætta sé á að steypufóðring í borholu opnast í ferskvatn við jarðskjálfta og hvort önnur fóðrunaraðferð sé hentugri.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða stálfóðringu sem sé steypst föst í holunni og talið afar ólíklegt í ljósi reynslu í öðrum holum á svæðinu sem staðið hafa af sér jarðskjálfta að hún gefi sig í jarðskjálfta. Ekki verði séð að önnur fóðringaaðferð sé hentugri.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur að fram þurfi að koma frekari upplýsingar um þann síubúnað sem notaður verður.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að kannaðar hafi verið tvær leiðir til að sía agnir úr vökvannum. Það er annars vegar að nota sandsíu sem sé dýr, fyrirferðamikil og útheimti mikinn rekstur og hugsanlega viðhald og hins vegar að nota síudúk. Tilraunir hafa leitt í ljós að unnt sé að hreinsa vökvann með síudúknum, en frekari tilrauna sé þörf bæði á virkni og aðferðum til sjálfvirkar hreinsunar dúksins. Gert sé ráð fyrir að þróa notkun síudúks áfram og hanna síðan sjálfvirkt síukerfi. HS Orka hf. muni upplýsa Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um áframhaldandi þróun á virkni síudúks og helstu niðurstöður athugunar áður en ákvörðun verður tekin um endanlega útfærslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á, til að fyrirbyggja misskilning, að það taki einungis sýni af neysluvatni en aðrar sýnatökur úr vöktunarholum séu í höndum og á ábyrgð HS Orku hf.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir þetta en bent á að í eftirliti HES felist ákveðin vöktun á því hvort jarðhitavökvi hafi komist í grunnvatn.

Áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hafi víðfeðmu hraunsvæði, sem er á náttúruminjasrá og njóti verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, verið raskað. Affallsvökvi hafi streymt óhindrað um stórt mosavaxið svæði og kísill breytt ásýnd hraunsins. Náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins sé mikið. Að mati stofnunarinnar sé líklegt að rask vegna borsvæðis muni valda töluverðri skerðingu á ósnortnu

hrauni og nauðsynlegt sé að halda raski í lágmarki. Bent er á að ekki sé hægt að fullyrða um það fyrirfram hvort sprungurnar taki við miklu vökvamagni. Áhætta við förgun í borholur sé mikil og tilraunir hafi verið gerðar sem ekki hafi tekist. Að mati stofnunarinnar sé förgun til sjávar álitlegur kostur og með því verði náttúminjum hlíft við frekara raski.

Að mati stofnunarinnar hefði besti kosturinn til að draga úr umfangi rasks á svæðinu verið sá að staðsetja borteiginn við núverandi veg. Stofnunin telur einnig mikilvægt að umhverfisáhrif af lögn til sjávar verði skoðuð samtímis framkvæmdinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað borsvæði sé við Blaalónsveg og því hæpið að um lítt raskað svæði sé að ræða og Vegagerðin hafni því að borteigur sé fast við veginn. Bent er á að áætlanir um förgun affallsvökva til sjávar eigi ekki við um vökvann í Bláa lóninu heldur séu fyrirhugaðar borholur framtíðalausn við förgun hans. Ekki sé hægt að blanda saman vökva úr Bláa lóninu við vökva sem kemur beint frá orkuverinu því það auki hættu á útfellingum og skapi vandkvæði við dælingu alla leið til sjávar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að HS Orka hf., í samstarfi við Bláa lónið hf. áformar að leggja þrýstilögn frá Bláa lóninu að sprungurein sem liggur skammt vestan bílastæða baðstaðarins og dæla affallsvökva úr lóninu niður í tvær 100-200 m djúpar stefnuboraðar borholur. Þetta er talin lausn á förgun affallsvökva frá lóninu, en núverandi leið við förgun í grunnar borholur hefur ekki gengið sem skyldi því svifagnir í vökvannum stífla gljúp jarðlög holanna. Framkvæmdin felur í sér byggingu dælu-, ferskvatnsblöndunar- og sústöðvar, niðurgrafna lögn meðfram Blaalónsvegi, gerð 1200 m² borteigs og borun tveggja niðurdælingarhola. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að með framkvæmdinni sé leitast við að finna lausn á því vandamáli sem stækkun Bláa lónsins er. Líta verður á framkvæmdina sem tilraun og hún ásamt lögn frá orkuverinu til sjávar komi í veg fyrir frekari stækkun lónsins.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar verði á nútíma hraun, annars vegar þar sem lögnin verður lögð meðfram Blaalónsveginum og hins vegar við gerð borplans á hrauninu. Stofnunin telur að með því að leggja lögnina í vegkantinn verði áhrif á hraunið lágörkuð og ekki veruleg umfram það sem veglagningin hefur þegar valdið. Mikilvægt er að umfangi borplansins verði haldið í lágmarki og borholur staðsettar þannig á borplaninu að hægt verði að bora þar fleiri holur í framtíðinni án þess að stækka planið. Mikilvægur liður í því að borholurnar endist til niðurdælingar um lengri tíma er að síun vökvans takist sem best og munu væntanlega verða sett skilyrði þess efnis í starfsleyfi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu HS Orku hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð HS Orku hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað förgun affallsvökva frá Svartsengi og Bláa lóninu með niðurdælingu í borholur við sprungurein skammt vestan bílastæðis baðstaðarins sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 og breyting á deiliskipulagi Svartsengis og Bláa lónsins. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að HS Orka hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. ágúst 2011.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

